

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/198

2023/EES/79/24

frá 30. janúar 2023

um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir abamektín í eða á tilteknum afurðum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fæði úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE ⁽¹⁾, einkum a-lið 1. mgr. 14. gr. og 2. mgr. 49. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 voru fastsett hámarksgildi leifa fyrir abamektín.
- 2) Meðan á endurskoðun þessara hámarksgilda leifa stóð í samræmi við 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 tók Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) fram í rökstuddu álitinu ⁽²⁾ að tilteknar upplýsingar vantaði um tilteknar afurðir. Fyrirliggjandi upplýsingar voru nægilegar til að Matvælaöryggisstofnunin gæti lagt til hámarksgildi leifa sem eru örugg fyrir neytendur og eyður í gögnum voru tilgreindar í II. viðauka við þá reglugerð og tilgreindur frestur fyrir framlagningu upplýsinga, sem vantaði til stuðnings tillögðum hámarksgildum leifa, fyrir Matvælaöryggisstofnunina.
- 3) Umsækjandinn lagði fram gögnin sem vantaði ásamt beiðni sem byggðist á 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 um að fá að breyta gildandi hámarksgildum leifa fyrir abamektín í tilteknum afurðum.
- 4) Viðkomandi aðildarríki mat umsóknina í samræmi við 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 og matsskýrslan var send framkvæmdastjórninni.
- 5) Matvælaöryggisstofnunin lagði mat á umsóknina og matsskýrsluna og rannsakaði einkum áhættur fyrir neytendur og, þar sem við átti, fyrir dýr.
- 6) Hinn 23. janúar 2020 birti Matvælaöryggisstofnunin rökstutt álit um mat á gögnum til staðfestingar sem voru lögð fram í kjölfar endurskoðunar á hámarksgildi leifa skv. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 og á beiðninni um að fá að breyta gildandi hámarksgildum leifa fyrir abamektín í ýmsum vörum ⁽³⁾.
- 7) Umsækjandinn lagði ekki fram upplýsingar um prófanir á leifum fyrir möndlur, heslihnetur, valhnetur, sólber og rífsber (rauð og hvít), stíkilsber, (græn, rauð og gul), papæjaldin og jólasalat/salatfífla. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að þar með hefði ekki verið brugðist á fullnægjandi hátt við þessari eyðu í gögnum og að áhættustjórnendur gætu íhugað að fastsetja eða viðhalda þessum hámarksgildum leifa við magngreiningarmörk. Af þessum sökum þykir rétt að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir þessar afurðir í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 við magngreiningarmörk. Því er rétt að breyta II. viðauka og fella vísunina sem varðar viðbótarupplýsingar brott úr þeim viðauka.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 27, 31.1.2023, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 204/2023 frá 22. September 2023 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1.

(2) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Reasoned opinion on the review of the existing maximum residue levels (MRLs) for abamectin according to Article 12 of Regulation (EC) No 396/2005.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(9), 3823.

(3) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Reasoned opinion on evaluation of confirmatory data following the Article 12 MRL review and modification of the existing maximum residue levels for abamectin in various commodities.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2020 18(1), 5989.

- 8) Að því er varðar kveði, trjámisþilsaldin og dúnepli lagði umsækjandinn til að leiða út hámarksgildi leifa sem byggist á öðrum góðum starfsvenjum í landbúnaði. Þessi notkun og prófanirnar á leifum höfðu þegar verið metnar í fyrria rökstuddu álitu (4). Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að gögn um leifar væru fullnægjandi til að styðja tillögur um lægra hámarksgildi leifa fyrir þessar afurðir. Því ætti að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir þessar afurðir í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 við gildið sem Matvælaöryggisstofnunin hefur tilgreint.
- 9) Að því er varðar blöð af sellerí, baunir með fræbelg og ertur með fræbelg komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að gögn um leifar væru fullnægjandi til að styðja hámarksgildi leifa fyrir þessar afurðir. Því ætti að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir þessar afurðir í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 við gildið sem umsækjandinn óskaði eftir.
- 10) Í samræmi við 2. og 4. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 var lögð fram umsókn um innflutningsvikmörk að því er varðar abamektín sem er notað á tilteknar afurðir í Bandaríkjunum.
- 11) Umsækjandinn heldur því fram að viðurkennd notkun abamektíns á slíkar nytjaplöntur í því landi leiði til þess að styrkur leifa verður meiri en hámarksgildi leifa í reglugerð (EB) nr. 396/2005 segir til um og að nauðsynlegt sé að setja hærra hámarksgildi leifa til að komast hjá viðskiptahindrunum við innflutning á þessum nytjaplöntum.
- 12) Viðkomandi aðildarríki mat þessar umsóknir í samræmi við 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 og matsskýrslan var send framkvæmdastjórninni.
- 13) Matvælaöryggisstofnunin lagði mat á umsóknirnar og matsskýrsluna og rannsakaði einkum áhættur fyrir neytendur og þar sem við átti, fyrir dýr.
- 14) Hinn 10. júlí 2020 birti Matvælaöryggisstofnunin rökstutt álit um að fastsetja innflutningsvikmörk fyrir abamektín í ýmsum nytjaplöntum (5).
- 15) Að því er varðar breytingarnar, sem umsækjandinn óskaði eftir að yrðu gerðar á hámarksgildum leifa fyrir lárperur, karsa og aðrar spírur og sprota, vetrarkarsa, klettasalat, nýblöð af plöntum (þ.m.t. tegundum af ættkvíslinni *Brassica*), annað salat og salatplöntur, súpugull, hnúðfennikur og baðmullarfræ komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að allar kröfur að því er varðar heildstæðni framlagðra gagna hefðu verið uppfylltar og að breytingarnar, sem umsækjandinn óskaði eftir að yrðu gerðar á hámarksgildunum, væru viðunandi að því er varðar öryggi neytenda á grundvelli mats fyrir 27 sérstaka evrópska neytendahópa á váhrifum sem neytendur verða fyrir. Matvælaöryggisstofnunin tók tillit til nýjustu upplýsinga um eiturefnafræðilega eiginleika efnisins. Hvorki þótti sýnt að ævilöng váhrif af völdum efnisins vegna neyslu á öllum matvælum, sem geta innihaldið það, né skammtímaváhrif vegna mikillar neyslu á viðkomandi afurðum sköpuðu hættu á að farið yrði yfir ásættanlega daglega inntöku eða viðmiðunarskammt bráðrar eitrunar. Því ætti að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir þessar afurðir í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 við gildið sem umsækjandinn óskaði eftir.
- 16) Í tengslum við málsmeðferð sem varðaði endurnýjun samþykkis fyrir virka efninu abamektíni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 (6, birti Matvælaöryggisstofnunin niðurstöður um ritrýni á áhættumati á virka efninu (7). Matvælaöryggisstofnunin lagði til, á grundvelli rannsókna á taugaeiturhrifum á þroskun, að fastsetja ætti lægri ásættanlega daglega inntöku og viðmiðunarskammt bráðrar eitrunar.
- 17) Hinn 3. febrúar 2021 og í samræmi við 43. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 óskaði framkvæmdastjórnin eftir því að Matvælaöryggisstofnunin legði fram rökstutt álit þar sem lagt er mat á þær áhættur sem tiltekin gildandi hámarksgildi leifa fyrir abamektín gætu skapað fyrir neytendur í ljósi lægri ásættanlegrar daglegrar inntöku og viðmiðunarskammts bráðrar eitrunar.

(4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Reasoned opinion on the modification of the existing MRLs for abamectin in various crops“. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015 13(7), 4189.

(5) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Reasoned opinion on setting of import tolerances for abamectin in various crops“. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2020 18(7), 6173.

(6) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE (Stjtið. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1).

(7) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance abamectin.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2020 18(8), 6227.

- 18) Hinn 6. október 2021 birti Matvælaöryggisstofnunin rökstutt álit um mat með áherslu á tiltekin gildandi hámarksgildi leifa fyrir abamektín⁽⁸⁾ sem eru athugunarefni.
- 19) Matvælaöryggisstofnunin greindi óviðunandi áhættur varðandi gildandi hámarksgildi leifa fyrir epli, perur og breiðblaða salatfífla. Haft var samráð við aðildarríkin og þau beðin að tilgreina hugsanlegar varalausnir fyrir góðar starfsvenjur í landbúnaði sem myndu leiða til öruggra hámarksgilda leifa fyrir neytendur. Að því er varðar epli og perur gátu aðildarríkin ekki lagt til varalausnir fyrir góðar starfsvenjur í landbúnaði. Engin gögn til stuðnings voru tiltæk um góðar starfsvenjur í landbúnaði sem greint var frá fyrir breiðblaða salatfífla. Þess vegna var ekki unnt að leiða út hámarksgildi leifa fyrir epli, perur og breiðblaða salatfífla. Af þessum sökum þykir rétt að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir þessar afurðir í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 við magngreiningarmörk.
- 20) Matvælaöryggisstofnunin greindi óviðunandi áhættur varðandi gildandi hámarksgildi leifa fyrir jarðarber, tómata, gúrkur, dvergbita, vorsalat/strábrúðu, salat, kerfil og steinselju. Haft var samráð við aðildarríkin og þau beðin að tilgreina hugsanlegar varalausnir fyrir góðar starfsvenjur í landbúnaði sem myndu leiða til öruggra hámarksgilda leifa fyrir neytendur. Aðildarríki tilgreindu slíkar góðar starfsvenjur í landbúnaði fyrir jarðarber, tómata, gúrkur, dvergbita, vorsalat/strábrúðu, salat, kerfil og steinselju. Því mælti Matvælaöryggisstofnunin með því að lækka gildandi hámarksgildi leifa fyrir þessar afurðir. Því ætti að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir þessar afurðir í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 við gildið sem Matvælaöryggisstofnunin hefur tilgreint.
- 21) Matvælaöryggisstofnunin greindi óviðunandi áhættur fyrir neytendur varðandi gildandi hámarksgildi leifa fyrir paprikur. Haft var samráð við aðildarríkin og þau beðin að tilgreina hugsanlegar varalausnir fyrir góðar starfsvenjur í landbúnaði sem myndu leiða til öruggra hámarksgilda leifa fyrir neytendur. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að tilteknar upplýsingar vantaði, þó að aðildarríki tilgreindu varalausnir fyrir góðar starfsvenjur í landbúnaði fyrir paprikur, og að þörf væri á frekari athugun áhættustjórnenda. Þar eð engin áhætta er fyrir hendi fyrir neytendur ætti að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir paprikur í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 við gildið sem Matvælaöryggisstofnunin hefur tilgreint. Það hámarksgildi verður endurskoðað; í endurskoðuninni verður tekið tillit til upplýsinga sem verða tiltækar innan tveggja ára frá birtingu þessarar reglugerðar.
- 22) Framkvæmdastjórnin hafði samráð við tilvísunarrannsóknarstofur Evrópusambandsins fyrir varnarefnaleifar um nauðsyn þess að aðlaga tiltekin magngreiningarmörk. Þessar rannsóknarstofur lögðu til vörusértæk magngreiningarmörk fyrir abamektín sem unnt er að ná að greina.
- 23) Samráð hefur verið haft við viðskiptaaðila Sambandsins, fyrir milligöngu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, um ný hámarksgildi leifa og tillit hefur verið tekið til athugasemda þeirra.
- 24) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 396/2005 til samræmis við það.
- 25) Til að koma megi við eðlilegri markaðssetningu, vinnslu og neyslu afurða ætti þessi reglugerð ekki að gilda um afurðir sem hafa verið framleiddar í Sambandinu eða fluttar inn til Sambandsins áður en breytt hámarksgildi leifa taka gildi og þar sem upplýsingar sýna að öflugri heilsuvernd neytenda sé viðhaldið. Þetta á við um allar afurðir nema epli, perur, jarðarber, tómata, paprikur, gúrkur, dvergbita, vorsalat/strábrúðu, salat, breiðblaða salatfífla, kerfil og steinselju.
- 26) Áður en breytt hámarksgildi leifa taka gildi ætti að veita aðildarríkjum, þriðju löndum og stjórnendum matvæla-fyrirtækja hæfilegan frest til að aðlaga sig til að þau geti uppfyllt nýju kröfurnar sem leiða af breytingunni á hámarksgildum leifa.
- 27) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fôður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

l. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

⁽⁸⁾ Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Focused assessment of certain existing MRLs of concern for abamectin.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2021 19(10), 6842.

2. gr.

Að því er varðar virka efnið abamektín í og á öllum afurðum nema eplum, perum, jarðarberjum, tómötum, paprikum, gúrkum, dvergbítum, vorsalati/strábrúðu, salati, breiðblaða salatfílum, kerfli og steinselju skal reglugerð (EB) nr. 396/2005, eins og sú reglugerð var áður en henni var breytt með þessari reglugerð, gilda áfram um afurðir sem voru framleiddar í Sambandinu eða fluttar inn til Sambandsins fyrir 20. ágúst 2023.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 20. ágúst 2023.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. janúar 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Í stað dálksins fyrir abamektín í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 kemur eftirfarandi:

„Varnarefnaleifar og hámarksgildi leifa (mg/kg)

Kenninúmer	Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um ^(a)	Abamektín (summa avermeðtins B1a, avermeðtins B1b og delta-8,9-hverfna avermeðtins B1a, gefin upp sem avermeðtinn B1a) (R) (F)
1)	2)	3)
0100000	NÝ eða FRYST ALDIN, TRJÁHNETUR	
0110000	Sítrusávéxtir	0,04
0110010	Greipaldin	
0110020	Appelsínur	
0110030	Sitrónur	
0110040	Súraldin	
0110050	Mandarínur	
0110990	Annað (2)	
0120000	Trjáhnetur	0,01 (*)
0120010	Möndlur	
0120020	Parahnetur	
0120030	Kasúhnetur	
0120040	Kastaníuhnetur	
0120050	Kókoshnetur	
0120060	Heslihnetur	
0120070	Goðahnetur	
0120080	Pekanhnetur	
0120090	Furuhnetukjarnar	
0120100	Pistasíuhnetur	
0120110	Valhnetur	
0120990	Annað (2)	
0130000	Kjarnaávéxtir	
0130010	Epli	0,006 (*)
0130020	Perur	0,006 (*)
0130030	Kveði	0,02

1)	2)	3)
0130040	Trjámisspilsaldin	0,02
0130050	Dúnepli/japansplómur	0,02
0130990	Annað (2)	0,01 (*)
0140000	Steinaldin	
0140010	Apríkósur	0,02
0140020	Kirsuber (sæt)	0,01 (*)
0140030	Ferskjur	0,02
0140040	Plómur	0,01 (*)
0140990	Annað (2)	0,01 (*)
0150000	Ber og smá aldin	
0151000	a) Þrúgur	0,01 (*)
0151010	Vínber til neyslu	
0151020	Vínþrúgur	
0152000	b) Jarðarber	0,08
0153000	c) Klungurber	
0153010	Brómber	0,08
0153020	Daggarber	0,01 (*)
0153030	Hindber (rauð og gul)	0,08
0153990	Annað (2)	0,01 (*)
0154000	d) Önnur smá aldin og ber	0,01 (*)
0154010	Aðalbláber	
0154020	Trönuber	
0154030	Rífsber (rauð og hvít) og sólber	
0154040	Stíkilsber (græn, rauð og gul)	
0154050	Rósaldin	
0154060	Mórber (svört og hvít)	
0154070	Eplapýrniber/Miðjarðarhafstrjámisspilsaldin	
0154080	Yllyber	
0154990	Annað (2)	
0160000	Ýmis aldin með	
0161000	a) Ætu hýði	0,01 (*)
0161010	Döðlur	
0161020	Fíkjur	
0161030	Ólífur til átu	
0161040	Gullappelsínur	
0161050	Stjörnualdin	

1)	2)	3)
0161060	Gallaldin	
0161070	Jövuþlómur	
0161990	Annað (2)	
0162000	b) Óætu hýði, lítil	0,01 (*)
0162010	Kíví (græn, rauð, gul)	
0162020	Litkaber	
0162030	Píslaraldin	
0162040	Kaktusfikjur	
0162050	Stjörmuepli	
0162060	Persimónur/Virginíu-kakí	
0162990	Annað (2)	
0163000	c) Óætu hýði, stór	
0163010	Lárperur	0,02
0163020	Bananar	0,02
0163030	Mangó	0,01 (*)
0163040	Papæjaldin	0,01 (*)
0163050	Granatepli	0,01 (*)
0163060	Morgunberkjur	0,01 (*)
0163070	Gvövrur	0,01 (*)
0163080	Ananas	0,01 (*)
0163090	Brauðaldin	0,01 (*)
0163100	Dáraaldin	0,01 (*)
0163110	Nónberkjur	0,01 (*)
0163990	Annað (2)	0,01 (*)
0200000	NÝTT eða FRYST GRÆNMETI	
0210000	Rótar- og hnýðisgrænmeti	0,01 (*)
0211000	a) Kartöflur	
0212000	b) Hitabeltisrótar- og hnýðisgrænmeti	
0212010	Kassavarætur	
0212020	Sætar kartöflur	
0212030	Mjölrótarhnýði	
0212040	Örvarrætur	
0212990	Annað (2)	
0213000	c) Annað rótar- og hnýðisgrænmeti, að sykurrófum undanskildum	
0213010	Rauðrófur	
0213020	Gulrætur	
0213030	Hnúðsillur/hnúðsellerí	
0213040	Piparrót	

1)	2)	3)
0213050	Ætihnúðar	
0213060	Nípur	
0213070	Steinseljurætur	
0213080	Hreðkur	
0213090	Hafursrætur	
0213100	Gulrófur	
0213110	Næpur	
0213990	Annað (2)	
0220000	Laukar	0,01 (*)
0220010	Hvítlaukur	
0220020	Laukar	
0220030	Skalottlaukar	
0220040	Vorlaukar og pípulaukar	
0220990	Annað (2)	
0230000	Aldingrænmeti	
0231000	a) Náttskuggaætt og stokkrósaætt	
0231010	Tómatar	0015
0231020	Paprikur	0,03(+)
0231030	Eggaldin	0,09
0231040	Okkur	0,01 (*)
0231990	Annað (2)	0,01 (*)
0232000	b) Aldin plantna af graskersætt með ætu hýði	
0232010	Gúrkur	0,02
0232020	Smágúrkur	0,04
0232030	Dvergbítar	0,02
0232990	Annað (2)	0,04
0233000	c) Aldin plantna af graskersætt með óætu hýði	0,01 (*)
0233010	Melónur	
0233020	Risagrasker	
0233030	Vatnsmelónur	
0233990	Annað (2)	
0234000	d) Sykurmaís	0,01 (*)
0239000	e) Annað aldingrænmeti	0,01 (*)
0240000	Kál (að undanskildum rótum og nýblöðum af plöntum af ættkvíslinni Brassica)	
0241000	a) Blómstrandi kál	0,01 (*)
0241010	Spergilkál	
0241020	Blómkál	
0241990	Annað (2)	

1)	2)	3)
0242000	b) Kálhöfuð	0,01 (*)
0242010	Rósakál	
0242020	Höfuðkál	
0242990	Annað (2)	
0243000	c) Blaðkál	
0243010	Kínakál	0,05
0243020	Grænkál	0,01 (*)
0243990	Annað (2)	0,01 (*)
0244000	d) Hnúðkál	0,01 (*)
0250000	Blaðgrænmeti, kryddjurtir og æt blóm	
0251000	a) Salat og salatplöntur	
0251010	Vorsalat/strábrúða	0,08
0251020	Salat	0,03
0251030	Breiðblaða salatfíflar	0,01 (*)
0251040	Karsi og aðrar spírur og sprotar	0,08
0251050	Vetrarkarsi	0,08
0251060	Klettasalat	0,08
0251070	Sinnepskál	0,01 (*)
0251080	Nýblöð af plöntum (þ.m.t. tegundum af ættkvíslinni <i>Brassica</i>)	3
0251990	Annað (2)	0,08
0252000	b) Spínat og áþekkt blöð	
0252010	Spínat	0,01 (*)
0252020	Súpugull	0,1
0252030	Blaðbeðjur	0,01 (*)
0252990	Annað (2)	0,1
0253000	c) Vínviðarlauf og áþekktar tegundir	0,01 (*)
0254000	d) Brunnerla	0,01 (*)
0255000	e) Jólasalat/salatfíflar	0,01 (*)
0256000	f) Kryddjurtir og æt blóm	
0256010	Kerfill	0,03
0256020	Graslaukur	2
0256030	Blöð af sellerí	0,03
0256040	Steinselja	0,03
0256050	Salvía	2
0256060	Rósmarín	2
0256070	Garðablóðberg	2

1)	2)	3)
0256080	Basilíka og æt blóm	2
0256090	Lárviðarlauf	2
0256100	Fáfnisgras	2
0256990	Annað (2)	0,02 (*)
0260000	Belgávextir	
0260010	Baunir (með fræbelg)	0,08
0260020	Baunir (án fræbelgs)	0,01 (*)
0260030	Ertur (með fræbelg)	0,08
0260040	Ertur (án fræbelgs)	0,01 (*)
0260050	Linsubaunir	0,01 (*)
0260990	Annað (2)	0,01 (*)
0270000	Stöngulgrænmeti	
0270010	Sperglar	0,01 (*)
0270020	Salatþistlar	0,01 (*)
0270030	Sellerí	0,05
0270040	Hnúðfennikur	0,03
0270050	Ætiþistlar	0,01 (*)
0270060	Blaðlaukar	0,01 (*)
0270070	Rabarbarar	0,01 (*)
0270080	Bambussprotar	0,01 (*)
0270090	Pálmakjarnar	0,01 (*)
0270990	Annað (2)	0,01 (*)
0280000	Sveppir, mosar og fléttur	0,01 (*)
0280010	Ræktaðir sveppir	
0280020	Villtir sveppir	
0280990	Mosar og fléttur	
0290000	Þörungur og dreifkjörnungslífverur	0,01 (*)
0300000	BELGÁVEXTIR	0,01 (*)
0300010	Baunir	
0300020	Linsubaunir	
0300030	Ertur	
0300040	Lúpínur/lúpínubaunir	
0300990	Annað (2)	
0400000	OLÍUFRAE OG OLÍURÍK ALDIN	
0401000	Olíufræ	
0401010	Hörfræ	0,01 (*)
0401020	Jarðhnetur	0,01 (*)

1)	2)	3)
0401030	Valmúafræ	0,01 (*)
0401040	Sesamfræ	0,01 (*)
0401050	Sólblómafræ	0,01 (*)
0401060	Repjufræ	0,01 (*)
0401070	Sojabaunir	0,01 (*)
0401080	Mustarðsfræ	0,01 (*)
0401090	Baðmullarfræ	0,02
0401100	Risagraskersfræ	0,01 (*)
0401110	Litunarþistilsfræ	0,01 (*)
0401120	Hjólkrónufræ	0,01 (*)
0401130	Akurdoðrufræ	0,01 (*)
0401140	Hampfræ	0,01 (*)
0401150	Kristpálmafræ	0,01 (*)
0401990	Annað (2)	0,01 (*)
0402000	Olíurík aldin	0,01 (*)
0402010	Ólífur til oliuframleiðslu	
0402020	Olíupálmakjarnar	
0402030	Olíupálmaaldin	
0402040	Dúnviðaraldin	
0402990	Annað (2)	
0500000	KORNVÖRUR	0,01 (*)
0500010	Bygg	
0500020	Bókhveiti og aðrar sýndarkorntegundir	
0500030	Maís	
0500040	Hirsi	
0500050	Hafrar	
0500060	Hrísgrjón	
0500070	Rúgur	
0500080	Dúrta	
0500090	Hveiti	
0500990	Annað (2)	
0600000	TE, KAFFI, JURTATE, KAKÓ OG JÓHANNESARBRAUD	0,05 (*)
0610000	Te	
0620000	Kaffibaunir	
0630000	Jurtate úr	
0631000	a) Blómum	
0631010	Gæsajurt	
0631020	Læknaólíufur	

1)	2)	3)
0631030	Rósir	
0631040	Jasmína	
0631050	Lindiblóm	
0631990	Annað (2)	
0632000	b) Blöðum og kryddjurtum	
0632010	Jarðarber	
0632020	Rauðrunnalauf	
0632030	Indiánaþyrnislauf	
0632990	Annað (2)	
0633000	c) Rótum	
0633010	Garðabruða	
0633020	Ginseng	
0633990	Annað (2)	
0639000	d) Öðrum plöntuhlutum	
0640000	Kakóbaunir	
0650000	Jóhannesarbrauð	
0700000	HUMLAR	0,1
0800000	KRYDD	
0810000	Krydd úr fræjum	0,05 (*)
0810010	Anís/anísfræ	
0810020	Ilmfrú	
0810030	Sellerí	
0810040	Kóríander	
0810050	Kúmin	
0810060	Dill	
0810070	Fenníkur	
0810080	Grikkjasmári	
0810090	Múskat	
0810990	Annað (2)	
0820000	Aldinkrydd	0,05 (*)
0820010	Allrahanda	
0820020	Kínapipar	
0820030	Kúmen	
0820040	Kardimommur	
0820050	Einiber	
0820060	Pípar (svartur, grænn og hvítur)	

1)	2)	3)
0820070	Vanilla	
0820080	Tamarind	
0820990	Annað (2)	
0830000	Barkarkrydd	0,05 (*)
0830010	Kanill	
0830990	Annað (2)	
0840000	Krydd úr rótum og jarðstönglum	
0840010	Lakkrís	0,05 (*)
0840020	Engifer (10)	
0840030	Túrmerik/gullinrót	0,05 (*)
0840040	Piparrót (11)	
0840990	Annað (2)	0,05 (*)
0850000	Blómhnapakrydd	0,05 (*)
0850010	Negull	
0850020	Kapers	
0850990	Annað (2)	
0860000	Frævukrydd	0,05 (*)
0860010	Saffran	
0860990	Annað (2)	
0870000	Frækápukrydd	0,05 (*)
0870010	Múskatblóm	
0870990	Annað (2)	
0900000	SYKURPLÖNTUR	0,01 (*)
0900010	Sykkurrófurætur	
0900020	Sykkureyr	
0900030	Kaffifíflsrætur	
0900990	Annað (2)	
1000000	AFURÐIR ÚR DÝRARÍKINU – LANDDÝR	
1010000	Vörur úr	
1011000	a) Svínum	0,01 (*)
1011010	Vöðvi	
1011020	Fíta	
1011030	Lifur	
1011040	Nýru	
1011050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	
1011990	Annað (2)	

1)	2)	3)
1012000	b) Nautgripum	
1012010	Vöðvi	0,01 (*)
1012020	Fita	0,01 (*)
1012030	Lifur	0,02
1012040	Nýru	0,01 (*)
1012050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	0,02
1012990	Annað (2)	0,01 (*)
1013000	c) Sauðfé	
1013010	Vöðvi	0,02
1013020	Fita	0,05
1013030	Lifur	0,025
1013040	Nýru	0,02
1013050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	0,05
1013990	Annað (2)	0,01 (*)
1014000	d) Geitum	
1014010	Vöðvi	0,01 (*)
1014020	Fita	0,01 (*)
1014030	Lifur	0,02
1014040	Nýru	0,01 (*)
1014050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	0,02
1014990	Annað (2)	0,01 (*)
1015000	e) Hestum	
1015010	Vöðvi	0,01 (*)
1015020	Fita	0,01 (*)
1015030	Lifur	0,02
1015040	Nýru	0,01 (*)
1015050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	0,02
1015990	Annað (2)	0,01 (*)
1016000	f) Alifuglum	0,01 (*)
1016010	Vöðvi	
1016020	Fita	
1016030	Lifur	
1016040	Nýru	
1016050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	
1016990	Annað (2)	
1017000	g) Öðrum öldum landdýrum	
1017010	Vöðvi	0,01 (*)
1017020	Fita	0,01 (*)

1)	2)	3)
1017030	Lifur	0,02
1017040	Nýru	0,01 (*)
1017050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	0,02
1017990	Annað (2)	0,01 (*)
1020000	Mjólk	0,01 (*)
1020010	Nautgripir	
1020020	Sauðfé	
1020030	Geitur	
1020040	Hestar	
1020990	Annað (2)	
1030000	Fuglsegg	0,01 (*)
1030010	Hænsni	
1030020	Endur	
1030030	Gæsir	
1030040	Kornhænur	
1030990	Annað (2)	
1040000	Hunang og aðrar býræktarafurðir (7)	0,05 (*)
1050000	Froskdýr og skriðdýr	0,01 (*)
1060000	Landhryggleysingar	0,01 (*)
1070000	Villt landhryggdýr	0,01 (*)
1100000	AFURÐIR ÚR DÝRARÍKINU - FISKUR, FISKAFURÐIR OG ÖLL ÖNNUR MATVÆLI ÚR SJÓ OG FERSKVATNI (8)	
1200000	AFURÐIR EÐA HLUTAR AFURÐA, EINGÖNGU NOTAÐIR Í FÓÐURFRAMLEIÐSLU (8)	
1300000	UNNIN MATVÆLI (9)	

(*) Neðri greiningarmörk

(^o) Fyrir fullgerða skrá yfir afurðir úr plöntu- og dýraríkinu sem hámarksgildi leifa eiga við um skal vísa í I. viðauka.

Abamektín (summa avermektíns B1a, avermektíns B1b og delta-8,9-hverfna avermektíns B1a, gefin upp sem avermektín B1a) (R) (F)

R) Skilgreiningin á efnaleifum er mismunandi fyrir eftirfarandi samsetningar á varnarefnum/kóðum: Abamektín — kóði 1000000, að undanskildum 1040000: avermektín B1a

F) Fituleysanlegt

Matvælaöryggisstofnun Evrópu tók fram að tilteknar upplýsingar vantaði um prófanir á leifum. Við endurmat á hámarksgildum leifa tekur framkvæmdastjórnin tillit til upplýsinga sem um getur í fyrstu setningunni ef þær hafa verið lagðar fram eigi síðar en 31. janúar 2025 eða, ef umræddar upplýsingar hafa ekki verið lagðar fram fyrir þann tíma, til skorts á þeim.

0231020 Paprikur“